

*Aftasta röð frá vinstri: Valgeir Steinn Runólfsson, Hjördís Ásta Guðmundsdóttir, Ríkey Eggertsdóttir, Ágúst Kolbeinn Sigurlaugsson, Þórður Líndal Þórsson, Jón Gunnar Kristjónsson, Helga Þórsdóttir, Jóhannes Gauti Óttarsson, Stefán Júlíus Aðalsteinsson, Snædís Inga Rúnarsdóttir, Stefán Már Jónsson, Daníel Arnar Þorsteinsson, Hákon Örn Grímsson, Einar Daði Lárusson, Ármann Jónsson og Gunnar Þorgeir Bragason.*
*Næst aftasta röð frá vinstri: Alexandra Ásgeirsdóttir, Kjartan Helgason, Árni Steinn Steinþórsson, Þóra Hlín Þórisdóttir, Ólafur Hreiðar Ólafsson, Magnús Ingvi Magnússon, Katrín Júníana Lárusdóttir, Þorsteinn Markússon, Anna Rún Arnfríðardóttir, Hilmir Gestsson, Krister Blær Jónsson, Hera Björg J. Karenardóttir, Anna María Sigurðardóttir, Helga Katrín Jónsdóttir, Elín Birta Pálsdóttir, Bjarndís Sjöfn Blandon, Eygló Dögg Ólafsdóttir, Sigrún Harpa Stefánsdóttir, Magnea Guðríður Frandsen, Viktoría Helga Johnsen og Margrét Petrína Hallsdóttir.*
*Sitjandi: Halla Kristjánsdóttir, Stefanía Ásta Davíðsdóttir, Sif Snorradóttir, Erla Sigríður Sigurðardóttir, Sóley Isabelle Heenen, Karen Sól Sævarsdóttir, Katrín Hrefna Demian, Gyða Jóhannsdóttir, Sunna Rún Heiðarsdóttir, Sara Líf Sigsteinsdóttir, Auður Kristín Pétursdóttir og Karen Ósk Óskarsdóttir.*
*Kjúpandi fremst: Arna Ýr Karelsdóttir, Anna Hjördís Gretarsdóttir, Arnar Einarsson, Nikulás Jónsson, Aðalbjörg Ýr Sigurbergsdóttir og Snædís Ólafsdóttir. Myndir/gag*

# 81 útskrifast með lækningaleyfi frá sjö löndum



*Egill Þór Hannesson, Stefanía Ásta Davíðsdóttir og Snædís Inga Rúnarsdóttir.*



*Jóna Þórey Pétursdóttir, Krister Blær Jónsson, Emil Pálsson, Sunna Rún Heiðarsdóttir og Valgeir Steinn Runólfsson.*

81 útskrifast með fullt lækningaleyfi um þessar mundir. 51 hér á landi, 7 frá Ungverjalandi, 17 frá Slóvakíu, 3 frá Danmörku og einn frá Póllandi, Kýpur og Ítalíu. 54 konur og 27 karlar. Meginþorri hópsins hittist í húsakynnum Læknafélagsins miðvikudaginn 7. júní og ritaði undir læknaeiðinn. Mikil stemmning var í hópnum og bæði makar og ung börn fylgdu sumum þeirra þennan gleðidag.

„Þið hafið valið einn allra skemmtilegasta og mest krefjandi starfsvettvang sem fyrirfinnst og ég hvet ykkur til þess að njóta þess til fulls og leggja alúð og metnað í starfið," sagði Steinunn Þórðardóttir, formaður Læknafélagsins. Hún áréttaði að það væri svo vinnuveitendanna að tryggja að þau fengju þær tæknilausnir, aðbúnað, tól og tæki sem til þurfi til að veita fyrsta flokks þjónustu. Þá þyrftu þau hvíld og frítíma til að geta sinnt starfinu af öryggi.

## Bara byrjunin

„Þetta er bara byrjunin í raun og veru. Ég man hvað mér fannst það fáránlegt þegar ég heyrði það hér að ég væri ekki búin heldur rétt að byrja, en þannig er það. Við bætum við okkur þekkingu allan okkar starfsferill, sem er lúxus," sagði Steinunn í ávarpi sínu. Læknar miðli milli sín, einnig til sjúklinga og margir stundi vísindi. „Þessir þættir í læknisstarfinu mega aldrei verða undir. Þeir eru forsenda þess að við getum rekið heilbrigðisþjónustu hérlendis sem er sambærileg við það besta sem gerist annars staðar." Hún hvatti þessa nýju lækna til að láta í sér heyra, væri úrbóta þörf.

Ingibjörg Guðmundsdóttir hjartalæknir talaði til nýju læknanna sem fulltrúi þeirra sem útskrifuðust fyrir 25 árum. „Þið hafið upplifað einstaka

## *Læknablaðið* óskar læknum útskrifuðum 2023 innilega til hamingju með áfangann!

Aðalbjörg Ýr Sigurbergsdóttir
Alexandra Ásgeirsdóttir
Alexandra Ýr Stefánsdóttir
Alfa Eir Jónsdóttir Axfjörð
Anna Hjördís Gretarsdóttir
Anna María Sigurðardóttir
Anna Rún Arnfríðardóttir
Ari Tómas Viðarsson
Arnar Einarsson
Auður Kristín Pétursdóttir
Ágúst Kolbeinn Sigurlaugsson
Ármann Jónsson
Árni Steinn Steinþórsson
Áslaug Erlendsdóttir
Berglind Magnúsdóttir
Birkir Víðisson
Bjarndís Sjöfn Blandon
Bjarni Lúðvíksson
Daníel Andri Karlsson
Daníel Arnar Þorsteinsson
Einar Daði Lárusson
Elín Birta Pálsdóttir
Elísa Rut Gunnlaugsdóttir
Erla Sigríður Sigurðardóttir
Eygló Dögg Ólafsdóttir
Guðmundur Högni Hilmarsson
Guðný Halla Harðardóttir
Gunnar Þorgeir Bragason
Gunnar Þór Dagsson
Gyða Jóhannsdóttir
Halla Kristjánsdóttir
Hákon Örn Grímsson
Helena Rós Hannesdóttir
Helga Katrín Jónsdóttir
Helga Þórsdóttir
Hera Björg J. Karenardóttir
Hildur María Þórisdóttir
Hilmir Gestsson
Hjördís Ásta Guðmundsdóttir
Hrafnhildur Edda Magnúsdóttir
Hrafnhildur Hallgrímsdóttir
Írena Líf Jónsdóttir Breiðfjörð
Jóhannes Gauti Óttarsson
Jón Gunnar Kristjónsson
Karen Ósk Óskarsdóttir
Karen Sól Sævarsdóttir
Katrín Hrefna Demian
Katrín Júníana Lárusdóttir
Kjartan Helgason
Krister Blær Jónsson
Linda María Steinþórsdóttir
Magnea Guðríður Frandsen
Magnús Ingvi Magnússon
Margrét Petrína Hallsdóttir
María Guðlaug Guðmundsdóttir
María Kjartansdóttir
María Soffía Júlíusdóttir
Marína Rós Levy
Nikulás Jónsson
Ólafur Hreiðar Ólafsson
Rebekka Rán Magnúsdóttir
Ríkey Eggertsdóttir
Sara Líf Sigsteinsdóttir
Sif Snorradóttir
Sigrún Harpa Stefánsdóttir
Snædís Inga Rúnarsdóttir
Snædís Ólafsdóttir
Sonja Orradóttir
Sóley Isabelle Heenen
Stefanía Ásta Davíðsdóttir
Stefanía Hanna Pálsdóttir
Stefán Júlíus Aðalsteinsson
Stefán Már Jónsson
Sunna Rún Heiðarsdóttir
Valdís Ósk Magnúsdóttir
Valeria Cafiso
Valgeir Steinn Runólfsson
Viktoría Helga Johnsen
Þorsteinn Markússon
Þóra Hlín Þórisdóttir
Þórður Líndal Þórsson

tíma í læknanáminu," sagði hún og benti á COVID og hvernig veiran breytti heiminum fram og til baka. „Þetta sýnir okkur hvað maðurinn hefur mikla aðlögunarhæfni. Við gátum vanist COVID. Svo gátum við alveg afvanist því aftur," sagði hún og benti á að nú reyndi á aðlögunarhæfni nýju læknanna.

„Þið stökkvið kannski út í djúpu laugina, en þið eruð synd. Þið hafið góðan undirbúning og heilmikla þekkingu," sagði hún í hvatningarávarpi sínu.

### Björt framtíð

Þórarinn Guðjónsson, forseti læknadeildar, sagði spennandi tíma framundan. Nýi spítalinn væri ávísun á að framtíðin sé björt. „Heilbrigðiskerfið þarf á jákvæðni að halda," sagði hann og hvatti, rétt eins og Helga Ágústa Sigurjónsdóttir, ritstjóri *Læknablaðsins* og innkirtlalæknir, nemendur til vísindastarfa og hún ungu læknana til að skrifa í *Læknablaðið.* Hún hvatti nýju læknana áfram og endurtók orð Sigurðar Guðmundssonar, fyrrum landlæknis og leiðbeinanda hennar, sem einnig var í salnum þennan dag.

„Það er sennilega aldrei í lífinu sem maður kann svona mikið eins og þið núna í öllu í læknisfræðinni." Þau yrðu að muna það. „Berjið ykkur á brjóst. Þið kunnið rosalega mikið."



*Kjartan Helgason, Diljá Hilmarsdóttir, Hjördís Ásta Guðmundsdóttir og Laufey Ása Bjarnadóttir.*



*Óttar Guðmundsson, formaður Öldungadeildar LÍ, Steinunn Þórðardóttir formaður LÍ, Magdalena Ásgeirsdóttir stjórnarmaður LÍ og Sigurður Guðmundsson, fyrrum Landlæknir.*



*Hilmir Gestsson, Athena Neve Leex, Anna Rún Arnfríðardóttir og Maxon Quas.*



*Theódór Skúli Sigurðsson, stjórnarmaður í Læknafélaginu og Ingibjörg Guðmundsdóttir, fulltrúi 25 ára útskrifaðra lækna.*